

**Ríkislögmaður**  
**01 271**

**Ársreikningur 2019**

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

Ríkislögmaður  
kt. 600186-1759  
Hverfisgötu 6, 150 Reykjavík

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Ríkislögmaður er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem var stofna með lögum nr. 51/1985.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 9 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Ríkislögmaður heyrir undir Stjórnarráðið og er skipaður af forsætisráðherra til fimm ára í senn. Helstu verkefni embættisins eru rekstur dómsmála fyrir ríkið og stofnanir þess. Er þar aðallega um að ræða vörn einkamála fyrir dómstólum og eftir atvikum gerðardómum. Ríkislögmaður annast einnig sókn þeirra mála sem ríkið höfðar á hendur öðrum.

Ríkislögmaður fer einnig með uppgjör bótakrafna sem beint er að ríkinu og auk þess geta ráðherrar óskað lögfræðilegs álits hans um einstök málefni og aðstoðar við vandasama samningagerð.

Utan starfssviðs ríkislögmanns falla dómsmál sem ríkisbankar eða fjárfestingalánasjóðir í eigu ríkisins eiga aðild að. Ennfremur dómsmál til innheimtu opinberra gjalda, orlofsfjár, viðskiptakrafna eða hliðstæðra krafna nema ráðherra, sem hlut á að máli, óski atbeina ríkislögmanns við meðferð einstakra mála. Hið sama gildir um mál sem rekin eru fyrir kjararáði.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 237,3 milljónir og afkoma kr. 0,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 18,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 55,7 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Ríkislögmanns í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Ríkislögmanns fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Einar Karl Hallvarðsson  
Ríkislögmaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	221.700.000	194.700.000
Seld þjónusta .....		14.975.886	25.809.060
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	600.270	717.614
<b>Tekjur samtals</b>		<u>237.276.156</u>	<u>221.226.674</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	3	185.682.545	177.923.902
Annar rekstrarkostnaður .....	4	50.845.403	32.547.853
Afskriftir .....	5	600.270	717.614
<b>Gjöld samtals</b>		<u>237.128.218</u>	<u>211.189.369</u>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		147.938	10.037.305
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(33.120)	(19.933)
		<u>(33.120)</u>	<u>(19.933)</u>
<b>Afkoma ársins</b>		<u><u>114.818</u></u>	<u><u>10.017.372</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Áhöld, tæki og búnaður .....		2.233.504	2.339.813
Aðrar eignir .....		290.950	290.950
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>2.524.454</u>	<u>2.630.763</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	7	15.250.000	13.325.000
Tengdir aðilar .....	8	36.651.059	24.095.697
Handbært fé .....		1.311.855	2.078.623
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>53.212.914</u>	<u>39.499.320</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>55.737.368</u>	<u>42.130.083</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	9		
Hrein eign .....		18.853.578	18.738.760
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>18.853.578</u>	<u>18.738.760</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	12.900	11.242
Viðskiptaskuldir .....		9.643.762	909.765
Ýmsar skammtímaskuldir .....	10	24.896.635	19.839.553
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	11	2.330.493	2.630.763
<b>Skuldir samtals</b>		<u>36.883.790</u>	<u>23.391.323</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>55.737.368</u>	<u>42.130.083</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	12		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		114.818	10.017.372
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	5	600.270	717.614
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(600.270)	(717.614)
		<u>114.818</u>	<u>10.017.372</u>
Breyting rekstartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(1.925.000)	(4.952.638)
Tengdir aðilar .....		(12.553.704)	(2.720.731)
Skammtímaskuldir .....		13.791.079	(469.848)
		<u>(687.625)</u>	<u>(8.143.217)</u>
		<u>(572.807)</u>	<u>1.874.155</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	6	(493.961)	0
		<u>(493.961)</u>	<u>0</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		300.000	
		<u>300.000</u>	<u>0</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(766.768)	1.874.155
		<u>2.078.623</u>	<u>204.468</u>
		<u>1.311.855</u>	<u>2.078.623</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ávæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar fjárskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.



## Skýringar

	2019	2018
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	221.700.000	194.700.000
Tekjufærsla fjárveitinga .....	221.700.000	194.700.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	600.270	717.614
	<u>222.300.270</u>	<u>195.417.614</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	197.700.000	0	0	197.700.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	24.000.000	0	0	24.000.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>221.700.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>221.700.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum ....	(221.585.182)	0	0	(221.585.182)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>114.818</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>114.818</b>

	2019	2018
<b>3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>		
Laun .....	148.116.715	143.950.957
Orlof, breyting .....	4.427.790	1.398.875
Launatengd gjöld .....	32.985.140	32.432.810
Starfsmannakostnaður .....	152.900	141.260
	<u>185.682.545</u>	<u>177.923.902</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	9,4	9,4
------------------------------	-----	-----

### 4 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	708.047	492.161
Ýmis tæki og áhöld .....	201.364	616.216
Orkugjafir .....	134.781	162.755
Matvæli .....	347.143	565.578
Almennar rekstrarvörur .....	66.172	679.095
Vörukaup, almenn	<u>1.457.507</u>	<u>2.515.805</u>
Fundir, námskeið, risna .....	1.062.940	648.664
Ferðir, uppihald .....	2.404.050	1.026.676
Akstur .....	34.259	213.939
Sérfræðiþjónusta .....	32.288.996	8.035.089
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	54.913	30.623
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	10.990	9.990
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	<u>3.145.047</u>	<u>2.601.026</u>
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	39.001.195	12.566.007

## Skýringar

	2019	2018	
<b>4 Annar rekstrarkostnaður, frh.</b>			
Samningsbundin kaup og leiga .....	306.021	0	
Afnotagjöld .....	1.340.739	1.060.095	
Leigugjöld .....	8.331.149	7.676.633	
Verkkaup .....	1.823.362	1.353.387	
Kostnaðarhlutdeild .....	4.160.430	2.628.564	
Tapaðar kröfur .....	(5.575.000)	4.747.362	
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	10.386.701	17.466.041	
Annar rekstrarkostnaður samtals	50.845.403	32.547.853	
<b>5 Afskriftir</b>			
Áhöld, tæki og búnaður .....	600.270	717.614	
	600.270	717.614	
<b>6 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>			
	<b>31.12.2019</b>	<b>31.12.2018</b>	
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:			
Áhöld, tæki og búnaður .....	2.233.504	2.339.813	
Aðrar eignir .....	290.950	290.950	
	2.524.454	2.630.763	
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:			
	<b>Áhöld, tæki og búnaður</b>	<b>Aðrar eignir</b>	<b>Samtals</b>
Staða 1.1.2019 .....	5.474.264	290.950	5.765.214
Viðbætur á árinu .....	493.961	0	493.961
	5.968.225	290.950	6.259.175
Afskriftir 1.1.2019 .....	3.134.451	0	3.134.451
Afskrift ársins .....	600.270	0	600.270
	3.734.721	0	3.734.721
Staða 31.12.2019 .....	2.233.504	290.950	2.524.454

## Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
<b>7 Viðskiptakröfur</b>		
Viðskiptakröfur .....	20.844.725	24.494.725
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu .....	(5.594.725)	(11.169.725)
	<u>15.250.000</u>	<u>13.325.000</u>

## 8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

### Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	36.651.059	4.793.486
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga .....	0	19.302.211
	<u>36.651.059</u>	<u>24.095.697</u>

### Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	12.900	11.242
	<u>12.900</u>	<u>11.242</u>

## 9 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	18.738.760	8.721.388
Afkoma ársins .....	114.818	10.017.372
Jöfnuður 31.12. ....	<u>18.853.578</u>	<u>18.738.760</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

## 10 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Ógreitt orlof .....	24.267.343	19.839.553
Ógreidd laun .....	533.323	0
Önnur ógreidd gjöld .....	95.969	0
	<u>24.896.635</u>	<u>19.839.553</u>

## Skýringar

### 11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	2.524.454	2.630.763
Umframráðstafað til fjárfestinga .....	(193.961)	0
	<u>2.330.493</u>	<u>2.630.763</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019 .....	2.630.763	0	2.630.763
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	300.000	300.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	493.961	(493.961)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(600.270)	0	(600.270)
	<u>2.524.454</u>	<u>(193.961)</u>	<u>2.330.493</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 0,5 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

### 12 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samning um húsnæði til 31. maí 2024 og þjónustusamninga um rekstur. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 8,5 milljónum og vegna þjónustusamninga kr. 2,2 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.